



# FERÐALAG LÖRU UM TUNGUMÁL EVRÓPU

# VELKOMIN Í FERÐALAG UM TUNGUMÁL EVRÓPU!

Tungumálin sem verða á vegi þínum á næstu blaðsíðum endurspegla fjölbreytileika þeirra menningarheima og hefða sem þrífast hlið við hlið í heimsálfunni okkar. Sum þeirra 225 tungumála sem eru ættuð frá Evrópu eru töluð af milljónum manneskja, en önnur, sem eru bara töluð af örfáum manneskjum, eru á barmi útrýmingar.

Á þessu stutta ferðalagi munt þú taka eftir því að evrópsk tungumál eiga marga eiginleika sameiginlega. Þau skiptast í þrjá meginflokka: slavnesk, rómönsk og germönsk mál. Tungumálin í hverjum flokki eiga sameiginlegar rætur, en í aldanna rás hafa þau þróast sitt í hverja áttina. Þú munt líka læra um það hvernig málin skilja sig að, um mismunandi gerðir stafrófa (s.s. latneska, kýrillíska, gríska, armenska og georgíska), sum hver listræn, um nýyrði – sú iðja að búa til ný orð – og um orðsifjar, þ.e. uppruna orðanna, sem getur stundum verið á reiki. Hvert tungumál er einstakt og hefur sína eigin sögu að segja!

Við getum bara gefið þér innsýn í nokkur evrópsk tungumál. Til eru mörg fleiri tungumál sem ekki hefur verið minnst á hér, ekki vegna þess að þau séu síður mikilvæg eða áhugaverð heldur vegna þess að okkur gefst ekki tími til þess að fara yfir þau öll á þessu stutta ferðalagi.

Til eru svæðisbundin og minnihlutatungumál, sem eru töluð af tiltölulega litlum hluta íbúa í tilteknum hluta lands eða á nokkrum landsvæðum í mismunandi löndum. Til eru líka ósvæðisbundin tungumál, sem eru töluð af fólki sem hefur dreift sér um Evrópu

og tilheyrir engu sérstöku landi. Einnig eru til tungumál sem ekki eiga rætur sínar að rekja til Evrópu, heldur hafa þau komið til álfunnar með fólksflutningum.

Hver blaðsíða er tileinkuð einu tungumáli og á henni geturðu séð stutta kynningu frá Löru, nokkur mikilvæg orð og orðastæður, öðruvísi bókstafi og áætlaðan fjölda móðurmálshafa.

Við vonum að þú munir njóta þess að fylgja leiðsögumanninum Löru á ferð hennar um nokkur tungumál Evrópu. Þetta gæti fengið þig til þess að leggja í svipað ferðalag, þar sem þú munt kalla upp yfir þig „Í alvörunni?!“ og „Vá, þetta vissi ég ekki!“ þegar þú uppgötvar þá fjársjóði sem leynast undir yfirborði okkar daglega lífs!

Hér geturðu hlustað á hvernig tölurnar og setningarnar eru bornar fram á viðkomandi tungumáli.

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# TUNGUMÁLIN SEM LARA MUN KYNNAST Á FERÐ SINNI



Tungumálakóði  
(ISO-639-1)

Blaðsíðutal





# ВЕ БЕЛАРУСКАЯ МОВА

👤👤👤 5 000 000

так

не

Як справы?

Добры  
дзень!

Дзякуй!

Hæ! Ég heiti Lara! Komdu með mér í heillandi ferð um fallegu tungumálin í Evrópu... Við byrjum ferðalagið í „Krasavik“. Bíddu. Hvar? „Krasavik“ (apríl) er fallegasti mánuðurinn í Hvíta-Rússlandi og þess vegna heitir mánuðurinn bókstaflega „fallegur“. Hver elskar svo ekki vorið?

- 1 адзін
- 2 два
- 3 тры
- 4 чатыры
- 5 пяць
- 6 шэсць
- 7 сем
- 8 восем
- 9 дзевяць
- 10 дзесяць

ё

й

э

і

ў

ь

ю

ы

я

Паслухайце гучанне гэтых слоў >>>

Mynd: Garður í Minsk í Hvíta-Rússlandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# ENGLISH EN

400 000 000

Enska er mest talaða tungumál heims með næstum því 1,3 milljarð málhafa. Þó talar eingöngu þriðjungur þeirra ensku að móðurmáli. Þegar við tölum sama tungumálið, skiljum við hvert annað og gerum okkur grein fyrir öllu því sem við eigum sameiginlegt. Þá virðist heimurinn ekkert svo stór eftir allt saman.

How are you?

Hello!

Thank you!

yes

no

- |    |       |
|----|-------|
| 1  | one   |
| 2  | two   |
| 3  | three |
| 4  | four  |
| 5  | five  |
| 6  | six   |
| 7  | seven |
| 8  | eight |
| 9  | nine  |
| 10 | ten   |

<<< Listen to the sound of these words

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



Mynd: London Eye og Klukkuturn Westminsterhallar (Big Ben) í Stóra-Bretlandi



# FY FRYSK

500 000

Hoe giet it  
mei dy?

Hoi!

Tank!

ja

nee

Frísneska er sennilega það tungumál sem kemst enskunni næst. „De sinne is waarm en it ljocht fan de sinneskyn felt noflik mei de sêfte wyn” leggst út á ensku sem: “The sun is warm and the light from the sun-shining feels good with the soft wind” (ísl. „Sólin er hlý og ljósið frá sólskininu er þægilegt með léttum vindinum”).

- 1 ien
- 2 twa
- 3 trije
- 4 fjouwer
- 5 fiif
- 6 seis
- 7 sân
- 8 acht
- 9 njoggen
- 10 tsien

êé

ûú

â

ô

Harkje nei it lûd fan dizze wurden >>>

Mynd: Ljouwert í Hollandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# SLOVENŠČINA SL

888 2500 000

Kako si?

Živjo!

Hvala!

Í Slóveníu eru tvær manneskjur eitthvað alveg einstakt! Slóvenska er ekki bara með eintölu og fleirtölu, heldur líka tvítölu! Þannig að ef þú vilt segja „ég og þú“, geturðu sagt „midva“ (ef einn eða báðir aðilar eru karlmenn) eða „midve“/„medve“ (ef báðir aðilar eru kvenmenn). Talandi um tölur... næst ætla ég að sýna ykkur tungumál með áhugavert talnakerfi...

da

ne

č

ž

š

<<< Prisluhnite zvoku teh besed

Mynd: Triglav-þjóðgarðurinn í Slóveníu

[edl.ecml.at/sounds](http://edl.ecml.at/sounds)





# FR FRANÇAIS

☎☎☎ 76 800 000

oui

non

Vissir þú að Frakkar telja allt öðruvísi en við frá 70 upp í 99? Talan 75 er bókstaflega „sextíu (plús) fimmtán“, 80 er „fjórir (sinnum) tuttugu“ og 96 er „fjórir (sinnum) tuttugu (plús) sextán“ Þetta þýðir að Frakkar þurfa aldeilis að vera góðir í að reikna! Franska er líka þekkt sem eitt af fallegustu tungumálum heims, ásamt... viltu giska?

Ça va ?

Bonjour !

Merci !

- 1 un
- 2 deux
- 3 trois
- 4 quatre
- 5 cinq
- 6 six
- 7 sept
- 8 huit
- 9 neuf
- 10 dix

ùûü

àâä

ÿ

ôö

æ

îï

éèêë

ç

œ

Écoutez le son de ces mots >>>>

Mynd: Pilat-sandhóllinn í Frakklandi

[edl.ecml.at/sounds](http://edl.ecml.at/sounds)





# УКРАЇНСЬКА МОВА UK

888 35 000 000

Як справи?

Привіт!

Дякую!

так

ні

*Spegill, spegill, herm þú mér – hvaða tungumál fríðast er? Þessari spurningu er ekki auðvelt að svara, enda heldur fólk upp á mismunandi tungumál. Á tungumálakeppni sem haldin var árið 1934 í París hreppti úkraínska þriðja sætið, á eftir frönsku og persnesku. Mér er ekki kunnugt um neinar nýlegri keppnir!*

Є

Й

Щ

ІІ

Г

Ь

Ю

Я

[edl.ecml.at/sounds](http://edl.ecml.at/sounds)



<<< Прослушайте звучання цих слів

Mynd: „Göng ástarinnar“ meðfram járnbrautarlínu í Klevan í Úkraínu

- 1 один
- 2 два
- 3 три
- 4 чотири
- 5 п'ять
- 6 шість
- 7 сім
- 8 вісім
- 9 дев'ять
- 10 десять



# CA CATALÀ

👤👤👤 10 000 000

Ef þig langar að segja á katalónsku að bara nokkrir gestir komu í afmælisveisluna þína (sem gerist vonandi ekki!), geturðu sagt „quatre gats“ eða „fjórir kettir“ og þá myndi fólk skilja hvað þú ættir við. En áður en þú kvartar yfir lélegri mætingu, skaltu muna að segja „Gràcies!“ (takk) við kettina fjóra sem mættu!

Com estàs?

Hola!

Gràcies!

- 1 un
- 2 dos
- 3 tres
- 4 quatre
- 5 cinc
- 6 sis
- 7 set
- 8 vuit
- 9 nou
- 10 deu

ç

h

úü

à

éè

íï

óò

sí

no

Escolta el so d'aquestes paraules >>>

Mynd: Guell-garðurinn í Barselóna á Spáni

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





Nasılsın?

Merhaba!

Teşekkür ederim!

Í tyrknesku eru engin málfræðileg kyn! Tyrkneska notar bara eitt orð, í raun bara einn staf, „o“, fyrir 3. p. fornöfn í eintölu. Þannig er hægt að lýsa manneskju á tyrknesku án þess að tilgreina kyn. Flettu síðunni til þess að komast að því hvaða tungumál deilir þessum eiginleika með tyrknesku.

TÜRKÇE TR


75 700 000

- 1 bir
- 2 iki
- 3 üç
- 4 dört
- 5 beş
- 6 altı
- 7 yedi
- 8 sekiz
- 9 dokuz
- 10 on

evet

hayır

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



<<< Bu sözcüklerin sesini dinle

Mynd: Cappadocia í Tyrklandi

ç

ğ

ö

ş

ü

ı



# AS AZƏRBAYCAN DILI

888 23 000 000

Aserska notar „o“ á svipaðan hátt og tyrkneska. En þetta er ekki það eina sem tyrkneska og aserska eiga sameiginlegt. Forsetningar eins og „með“ eða „fyrir“ koma ekki á undan nafnorðinu, heldur á eftir því. Þannig að á asersku myndi „með mömmu minni“ útleggjast sem „anam ilə“ eða bókstaflega „mömmu minni með“. Annar einstakur eiginleiki þessa tungumáls er að þegar það er skrifað með latnesku eða kýrillísku lettri er það skrifað frá vinstri til hægri, en þegar það er skrifað með arabísku lettri er það skrifað frá hægri til vinstri.

İ

ö

ü

ç

ə

ğ

ş

Necəsən?

Salam!

Təşəkkür edirəm!

bəli

xeyr

- 1 bir
- 2 iki
- 3 üç
- 4 dörd
- 5 beş
- 6 altı
- 7 yeddi
- 8 səkkiz
- 9 doqquz
- 10 on

Bu sözlərin səsini dinləyin >>>

[edl.ecml.at/sounds](http://edl.ecml.at/sounds)





Almennt tilheyrar tungumál tungumálafjölskyldum og eiga marga eiginleika sameiginlega með öðrum tungumálum, en baskneska er alveg ein á báti – eins og einkabarn... Baskneska er talin vera eitt af elstu tungumálum Evrópu og uppruni hennar er á huldu. Þannig að, ef þú vilt ganga í einkaklúbb og verða „eskalduna“ (baskneskumælandi), skaltu spreyta þig á þessu máli!

# EUSKARA EU

👤👤👤 750 000

*bai*

*ez*

Zer moduz?

**Kaixo!**

Eskerrik asko!

ü

ñ

é

ç

<<< Entzun hitz hauen soinua

Mynd: Guggenheim-safnið í Bilbao á Spáni (Rudy Mareel | Shutterstock.com)

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# MT MALTI

👤👤👤 520 000

Kif int?

Bongu!

Grazzi!

Maltneska er smæsta opinbera tungumál Evrópusambandsins m.t.t. málhafa. Henni svipar til föníkísku sem var töluð í kringum Miðjarðarhafssvæðið fyrir 3.000 árum. Maltneska er eina tungumálið í Evrópu sem tilheyrir afróasísku tungumálaættinni og er jafnframt eina tungumálið í þeirri ætt þar sem notast er við latneska stafrófið. Flettu síðunni og ég skal sýna þér ansi einangrað tungumál...

iva

le

- 1 wieħed
- 2 tnejn
- 3 tlieta
- 4 erbgħa
- 5 ħamsa
- 6 sitta
- 7 sebgħa
- 8 tmienja
- 9 disgħa
- 10 għaxra

ċ

ħ

ġ

ż

Isma' l-ħoss ta' dawn il-kelmiet >>>

Mynd: Gata í bænum Ir-Rabat á Möltu

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# ÍSLENSKA IS

👤👤👤 314 000

Engin lönd eiga landamæri að Íslandi og tungumálið sem fluttist til landsins með víkingunum á 9. og 10. öld hefur ekki breyst mikið í gegnum aldanna rás. Á íslensku er reynt að sneiða hjá því að nota erlend orð og þess í stað eru ný orð – nýyrði – búin til, oft með því að nota gömul orð. Þannig er orðið tölva búið til úr orðunum tala og völva (spákona).

Hvernig hefurðu það?

Hæ!

Þakka þér fyrir!

ð

í

á

þ

æ

ý

ö ó

ú

é

- |    |        |
|----|--------|
| 1  | einn   |
| 2  | tveir  |
| 3  | þrír   |
| 4  | fjórir |
| 5  | fimm   |
| 6  | sex    |
| 7  | sjö    |
| 8  | átta   |
| 9  | níu    |
| 10 | tíu    |



já

nei

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



<<< Hlustaðu á þessi orð

Mynd: Goðafoss á Íslandi



# ET EESTI KEEL

👤👤👤 1 100 000

Eistneska elskar sérhljóða!  
Í samanburði við önnur  
tungumál í Evrópu gegna  
sérhljóðar einkar mikilvægu  
hlutverki í eistnesku. Á  
henni má finna orð eins og  
„Jäääär“ (ísrönd), „Töö-öö“  
(næturvinnu) og „Õueiaääre“  
(brún girðingar sem umkringir  
garð)! Nú ætla ég að sýna þér  
tungumál þar sem heil setning  
getur innihaldið eingöngu  
sérhljóða...

õ

ä

ö

ü

Kuidas sul  
läheb?

Tere!

Aitäh!

jah

ei

- 1 üks
- 2 kaks
- 3 kolm
- 4 neli
- 5 viis
- 6 kuus
- 7 seitse
- 8 kaheksa
- 9 üheksa
- 10 kümme

Kuula nende sõnade kõla >>>

Mynd: Flugdrekabretti í Viimsi á Eistlandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# LIMBA ROMÂNĂ RO

👤👤👤 26 000 000

Rúmenska er líka mikið fyrir sérhljóða. Á henni er jafnvel hægt að búa til merkingarbæra setningu sem inniheldur bara sérhljóða: „Oaia aia e a ei, eu i-o iau“ sem þýðir „Þessi kind er hennar, ég tek hana“. Svo eru líka til tungumál sem virðast veigra sér við notkun sérhljóða...

Ce faci?

Bună ziua!

Mulțumesc!

- |    |       |
|----|-------|
| 1  | unu   |
| 2  | doi   |
| 3  | trei  |
| 4  | patru |
| 5  | cinci |
| 6  | șase  |
| 7  | șapte |
| 8  | opt   |
| 9  | nouă  |
| 10 | zece  |

î

ț

ș

ă â

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



<<< Ascultă cum sună aceste cuvinte

Mynd: Corvin-kastali í Rúmeníu

da

nu



# CS ČEŠTINA

👤👤👤 14 000 000

Dobrý  
den!

Jak se  
máš?

Děkuji!

ano

ne

ě

č

d'

í

ó

ř

ú

á

ž

ý

ť

š

ň

Ef sérhljóðar heilla þig ekki, gæti tékkneska verið tungumálið fyrir þig! Tékkneska elskar nefnilega samhljóða. Orð sem innihalda eingöngu samhljóða, eins og „krk“ (háls), „prst“ (fingur) og „smrk“ (fura) eru á hverju strái í tékknesku. Spreyttu þig á þessum tungubrjóti: „Chrt pln skvrn zdrhl z Brd“, sem þýðir „Mjóhundur með fullt af doppum slapp úr Brdy[-fjöllunum]“ Tékkland deilir þessum mikla áhuga á samhljóðum með nágrannalandi – hvaða land heldurðu að það sé?

- 1 jedna
- 2 dvě
- 3 tři
- 4 čtyři
- 5 pět
- 6 šest
- 7 sedm
- 8 osm
- 9 devět
- 10 deset

Poslechni si, jak znějí tato slova >>>

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# SLOVENČINA SK

👤👤👤 5 200 000

Ahoj!

Ako sa máš?

Ďakujem!

áno

nie

Mikið rétt, slóvakíska heldur líka upp á samhljóða! Mörg slóvakísk orð eru búin til eingöngu úr samhljóðum – eins og „prst“ (fingur), „štvrt“ (fjórðungur) og „smrt“ (dauði). Slóvakíska er líka talin vera það tungumál sem er hvað auðskildast fyrir málhafa annarra slavneskra mála. Flettu síðunni til þess að uppgötva sparsamt tungumál...

- 1 jeden
- 2 dva
- 3 tri
- 4 štyri
- 5 päť
- 6 šesť
- 7 sedem
- 8 osem
- 9 deväť
- 10 desať

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



<<< Vypočujte si zvuk týchto slov

Mynd: Háu Tatrafjöllin í Slóvakíska lýðveldinu





# FI SUOMI

👤👤👤 5 800 000

kyllä

ei

Finnska er eitt af fáum tungumálum Evrópu sem er ekki indó-evrópskt. Ásamt eistnesku og ungversku tilheyrir hún finnsk-úgrísku málaættinni. Á finnsku er auðvelt að tjá mismunandi hluti með bara einu orði. Sem dæmi þýðir „istun“ „ég sest“; „istahtaisin“ „ég myndi setjast í smá stund“; „istahdan“ „ég ætla að setjast í smá stund“ og „istahtaisinkohan“ „ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að setjast í smá stund“.

Mitä kuuluu?

Hei!

Kiitos!

- 1 yksi
- 2 kaksi
- 3 kolme
- 4 neljä
- 5 viisi
- 6 kuusi
- 7 seitsemän
- 8 kahdeksan
- 9 yhdeksän
- 10 kymmenen

ö

ää

Kuuntele nämä sanat >>>

Mynd: Sleðahundar í Lapplandi í Finnlandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





- 1 in  
2 dus  
3 trais  
4 quatter  
5 tschintg  
6 sis  
7 set  
8 otg  
9 nov  
10 diesch

gea

na

# RUMANTSCH RM

60 000

Af fjórum ríkismálum Sviss er retórómanska minnst þekkt. Saga hennar byrjar fyrir kristsburð, þegar latína Rómverjanna, sem lögðu undir sig svæðið milli austurveðra Alpanna og Dónár, blandaðist máli innfæddra. Smám saman varð til retórómanska úr þessu samblandi – og enn í dag heldur hún áfram að þróast!

Co vai?

Chau!

Grazia!

è é

<<< Taidla co ch'ils plets tunan

Mynd: Fjöll í Grisons-kantónu í Sviss

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# CY CYMRAEG

1 000 000

ie

na

Sut wyt ti?

Shwmae!

Diolch!

ŵ

ê

ô

â

î

ÿ

û

Velska staðarheitið „Llanfairpwllgwyngyllgogerychwyrndrobwlllantysiliogogogoch“ er lengsta staðarheitið í Evrópu og næstlengst í heiminum. Það þýðir: „Kirkja heilagrar Maríu í laut hvíta heslisins nærri beljandi svelg heilags Tysilis við rauða hellinn“. Flettu síðunni til þess að sjá hvaða tungumál hefur roð við velsku þegar kemur að löngum orðum...

- 1 un
- 2 dau
- 3 tri
- 4 pedwar
- 5 pump
- 6 chwech
- 7 saith
- 8 wyth
- 9 naw
- 10 deg

LLANFAIRPWLLGWYNGYLLGOGERYCHWYRNDROBWLLLLANTYSILIOGOGOGOCH

Llan-vire-pooll-guin-gill-go-ger-u-queern-drob-ooll-llandus-ilio-gogo-goch

Listen to the sound of these words >>>

[edl.ecml.at/sounds](http://edl.ecml.at/sounds)





*pýska er eitt af þeim tungumálum sem býr yfir mjög löngum orðum. Til þess að lýsa einhverju eru tvö eða fleiri orð sett saman til þess að mynda samsett orð. Sem dæmi er orðið fyrir úrslitaleik á HM í fótbolta „Fußballweltmeisterschaftsqualifikations-spiel“. En sum orðin geta þó verið ruglandi ef þú veist ekki úr hvaða orðum þau eru mynduð, eins og „Urinsekten“, en ég ætla að leyfa þér að finna út úr því!*

ja

nein

DEUTSCH DE

👤👤👤 95 000 000



[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



ü ö ä ß

<<< Hör dir an, wie diese Wörter klingen

Mynd: Þýska eyjan Sylt

Wie geht's?

Hallo!

Danke!

- |    |        |
|----|--------|
| 1  | eins   |
| 2  | zwei   |
| 3  | drei   |
| 4  | vier   |
| 5  | fünf   |
| 6  | sechs  |
| 7  | sieben |
| 8  | acht   |
| 9  | neun   |
| 10 | zehn   |



# HR HRVATSKI

👤👤👤 5 600 000

Kako si?

Bok!

Hvala!

Ásamt serbnesku og bosnísku tilheyrir króatíska suðurslavnesku málunum, sem eiga marga eiginleika sameiginlega. Þessi mál eru svo lík hvert öðru að málhafar þeirra geta auðveldlega skilið hver annan. Stystu króatísku orðin eru bara einn stafur – „a“ (en, og), „o“ (um), „u“ (í), „i“ (og), „s“ (með, frá) og „k“ (til).

- 1 jedan
- 2 dva
- 3 tri
- 4 četiri
- 5 pet
- 6 šest
- 7 sedam
- 8 osam
- 9 devet
- 10 deset

da

ne

č

ć

ž

š

đ

Poslušaj kako zvuče ove riječi >>>

Mynd: Plitvice-þjóðgarðurinn í Króatíu

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# BOSANSKI BS

👤👤👤 3 000 000

Bosnísku svipar til króatísku og serbnesku, en hefur þó sterk tengsl við tyrknesku. Í um 400 ár var Bosnía hluti Ottómanveldisins og því eru nokkur tökuorð í bosnísku af tyrkneskum uppruna, eins og „mindūše” (eyrnalokkar), „bujrum” (láttu vaða/velkomin) og „avlija” (innri garður).

Kako si?

Ćao!

Hvala!

- |    |        |
|----|--------|
| 1  | jedan  |
| 2  | dva    |
| 3  | tri    |
| 4  | ćetiri |
| 5  | pet    |
| 6  | šest   |
| 7  | sedam  |
| 8  | osam   |
| 9  | devet  |
| 10 | deset  |

ć

ž

š

ć

đ

da

ne

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



<<< Poslušaj kako zvuče ove riječi

Mynd: Mostar-brúin í Bosnía-Hersegóvínu



# SR СРПСКИ

👤👤👤 12 000 000

Serbneska er eitt af fáum evrópskum tungumálum sem notar bæði kyrillíska og latneska stafrófið. Serbneskir málhafar geta notað bæði stafrófin jöfnum höndum. Í samanburði við önnur slavnesk mál notar serbneska eitt af stystu kyrillísku stafrófunum, með aðeins 30 stafi. Talandi um stafróf... leyf mér að sýna þér tungumál með alveg einstakt stafróf...

ђ

љ

и

ј

њ

ћ

џ

да

не

Како си?

Здраво!

Хвала!

- 1 један
- 2 два
- 3 три
- 4 четири
- 5 пет
- 6 шест
- 7 седам
- 8 осам
- 9 девет
- 10 десет

Послушај како звуче ове речи >>>

Mynd: Árbugður Uvac-árinnar í Serbíu

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# ՀԱՅԵՐԵՆ ՀԿ

6 700 000

Ոնց էս:

Ողջույն:

Շնորհակալություն:

Armenska tungumálið notar stafróf sem er alveg einstakt í samanburði við stafróf annarra evrópskra mála. Það var búið til fyrir u.þ.b. 2.400 árum! Þar sem Armenar eru mjög stoltir af stafrófinu sínu, bjuggu þeir til sérstaka minnisvarða til heiðurs stafrófinu. Í Armeníu er meira að segja sérstakur dagur helgaður tungumálinu, dagur þýðendanna, sem er haldinn heilagur í október ár hvert.

այո

ոչ

ա բ գ դ ե զ է ը թ ժ ի լ խ ծ կ հ ձ ղ ճ մ

յ ն շ ո չ պ ջ ռ ս վ տ ը ր ց ու փ ք և օ ֆ

<<< Լսեք այս բառերը

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



Mynd: Minnisvarðar armenska stafrófsins (Arty Om | Shutterstock.com)



# ROM ROMANI ČHIB

888 3 500 000

Sar san?

Lašo d'es!

Najis tuke!

va

na

Þar til nýverið hefur rómíska varðveist frá kynslóð til kynslóðar eingöngu í munnlegri geymd. Þess vegna er ekki til neinn almennt viðurkenndur ritháttur, heldur byggist hann hverju sinni á stafrófi þess tungumáls sem er ráðandi á því svæði sem samfélag Rómafólks er staðsett. Í dag er þó hægt að lesa pólitísk rit, dagblöð og m.a.s. Shakespeare á rómísku!

- 1 jekh
- 2 duj
- 3 trin
- 4 štar
- 5 panž
- 6 šov
- 7 ehta
- 8 oxto
- 9 iňa
- 10 deš

[edl.ecml.at/sounds](http://edl.ecml.at/sounds)



Ašun kadala svaturja >>>

Mynd: Rómískur þjóðdans



# LËTZEBUERGESH LB

600 000

Wéi geet  
et?

Moien!

Merci!

Lúxemborgíska ritmálið er tiltölulega nýtt af nálinni. Áður fyrr var Lúxemborgíska sjaldan rituð niður og þess vegna voru engar opinberar réttitunarreglur né málfræðireglur þar til þær voru settar á laggirnar fyrir rúmum 40 árum, árið 1984. En hvað með táknmál? Er hægt að skrifa þau niður? Flettu síðunni til þess að komast að því.

jo

neen

ä

ëé

<<< Lauschter wéi dës Wierder kléngen

Mynd: Péitruß-hjólasvæðið í Lúxemborg

edl.ecml.at/sounds







# ALÞJÓÐLEGT TÁKNMÁL

Eins og nafnið gefur til kynna er alþjóðlegt táknmál gjarna notað meðal táknmálsnotenda frá mismunandi löndum sem ekki hafa sameiginlegt móðurmál. Hægt er að skrifa það niður á ótal vegu, t.d. eru sum tákn notuð til þess að lýsa handformi, hreyfingu handarinnar og svipbrigðum. En nú þegar við erum búin að tala svona mikið um stafróf...



- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7
- 8
- 9
- 10



# ΕΛΛΗΝΙΚΑ EL

👤👤👤 13 500 000

Á flestum evrópskum málum er orðið „alphabet“ notað fyrir stafróf. Þetta orð er sett saman úr fyrstu tveim stöfunum í gríska stafrófinu: alfa og beta. Gríska er skrifuð frá vinstri til hægri, alveg eins og önnur evrópsk tungumál, en sú var ekki alltaf raunin. Áður fyrr var hægt að skrifa hana frá hægri til vinstri, eða jafnvel í mismunandi átt í hverri línu. Á næstu síðu ætla ég að segja þér frá skemmtilegri venju hjá nágrönnum Grikkja...

ναι

όχι

Πώς είσαι;

Γεια!

Ευχαριστώ!

α β γ δ ε ζ η θ ι κ λ μ ν

ξ ο π ρ σ τ υ φ χ ψ ω

- |    |         |
|----|---------|
| 1  | ένα     |
| 2  | δύο     |
| 3  | τρία    |
| 4  | τέσσερα |
| 5  | πέντε   |
| 6  | έξι     |
| 7  | επτά    |
| 8  | οχτώ    |
| 9  | εννιά   |
| 10 | δέκα    |

<<< Άκουσε τον ήχο αυτών των λέξεων

Mynd: Litrík gata í þorpinu Oia í Grikklandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# SQ SHQIP

👤👤👤 7 500 000

Si jeni?

Përshëndetje!

Faleminderit!

po

jo

ç

ë

32

*Þegar Albanir hrista höfuðið eru þeir ekki að neita einhverju, heldur eru þeir einmitt að segja „já, ég er sammála, ég er að hlusta á þig“. Þegar þeir kinka kolli aftur á móti eru þeir ekki að játa, heldur þýðir það eitthvað í líkingu við „því miður, ég held ekki“ og virðist fylgja slæmum fregnum. Þú þarft því að fara varlega þegar þú hristir höfuðið í Albaníu – þú gætir verið að samþykkja eitthvað sem þú ætlaðir þér ekki að samþykkja!*

- 1 një
- 2 dy
- 3 tre
- 4 katër
- 5 pesë
- 6 gjashtë
- 7 shtatë
- 8 tetë
- 9 nëntë
- 10 dhjetë

Dëgjoni tingullin e këtyre fjalëve >>>

Mynd: Strandkaffihús í Ksamíl í Albaníu

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





Búlgarar kinka líka kolli þegar þeir vilja segja „nei“ og hrista höfuðið þegar þeir vilja segja „já“. Annar óalgengur eiginleiki búlgörsku er að hún er eitt fárra slavneskra tungumála með enga fallbeygingu. Það ætti því að vera auðveldara að læra hana heldur en tékknesku, sem er með 7 föll! Þessu einkenni deilir búlgarska með makedónsku.

# БЪЛГАРСКИ BG

8 000 000

Как си?

Здравей!

Благодаря!

- |    |        |
|----|--------|
| 1  | едно   |
| 2  | две    |
| 3  | три    |
| 4  | четири |
| 5  | пет    |
| 6  | шест   |
| 7  | седем  |
| 8  | осем   |
| 9  | девет  |
| 10 | десет  |

ий

щ

ю

ъ

я

ь

да

не

<<< Чуйте как звучат тези думи

Mynd: Rila-klaustrið í Búlgaríu

edl.ecml.at/sounds





# МК МАКЕДОНСКИ

👤👤👤 3 500 000

Како си?

Здраво!

Благодарам!

Við höfum tilhneiginu til að tjá viðbrögð okkar með stuttum segðum eða orðum sem hafa enga sérstaka merkingu. Á makedónsku er sérstakt orð sem er mikið notað í þessum tilgangi – „lele“! Það getur bæði þýtt „guð minn góður!“ og „vá!“ og þú getur sagt „lele“ eins oft og þú vilt, þannig er hægt að segja: „Lele lele lele lele! En fallegur hundur!“ Flettu síðunni til þess að komast að því hvaða tungumál hefur hvorki orðið „já“ né „nei“..

- 1 еден
- 2 два
- 3 три
- 4 четири
- 5 пет
- 6 шест
- 7 седум
- 8 осум
- 9 девет
- 10 десет

да

не

Слушнете како звучат овие зборови >>>

Mynd: Kirkja heilags Johns í Kaneo í Norður-Makedóníu

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





Á írsku er hvorki til orð fyrir „nei“ né „já“. Til þess að svara spurningu þarf að nota samsvarandi sögn. Þannig getur svarið við „Seldu þau húsið?“ verið annað hvort „[þau] seldu“ eða „[þau] seldu ekki“, eða á írsku: „Ar dhíol siad an teach?“ „Dhíol“ / „Níor dhíol“. Þrátt fyrir að írska hafi engin orð sem merkja „nei“ eða „já“, býr það yfir mörgum einstökum orðum, alveg eins og næsta tungumál...

Conas atá tú?

Dia dhuit!

Go raibh maith agat!

ú

ó

á

í

é

edl.ecml.at/sounds



Éist le fuaim na bhfocal seo

Mynd: Mohen-bjarg á Írlandi

- 1 A hAon
- 2 A Dó
- 3 A Trí
- 4 A Ceathair
- 5 A Cúig
- 6 A Sé
- 7 A Seacht
- 8 A hOcht
- 9 A Naoi
- 10 A Deich



# HU MAGYAR

👤👤👤 13 000 000

Szia!

Hogy vagy?

Köszönöm!

Ungverska er vegna flókinna málfræðireglna og 18 falla eitt af erfiðustu tungumálunum til þess að læra. En það er ómaksins vert vegna þess að á ungversku er hægt að lýsa mjög sérstökum fyrirbærum með einungis einu orði. „Aranyhíd“ þýðir bókstaflega „gullbrú“ en yfirfærð merking þess er glitrandi endurskin sólarinnar á vatnsyfirborði.

- |    |        |
|----|--------|
| 1  | egy    |
| 2  | kettő  |
| 3  | három  |
| 4  | négy   |
| 5  | öt     |
| 6  | hat    |
| 7  | hét    |
| 8  | nyolc  |
| 9  | kilenc |
| 10 | tíz    |

igen

nem

óöö

í

úüü

é

á

Hallgasd meg, hogy hangzanak ezek a szavak >>>

Mynd: Balaton-stöðuvatnið í Ungverjalandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# NEDERLANDS NL

👤👤👤 24 000 000

ja

nee

Á hollensku er til alveg einstakt orð: „gezellig“. Þetta er eitt af mest notuðu hollensku orðunum og getur þýtt notakennd, skemmtilegheit eða afslappað andrúmsloft, allt eftir samhengi. Það getur líka vísað til þess að upplifa sig sem hluta af einhverju samfélagi, að eyða tíma með ástvinum eða að hitta vin eftir langa fjarveru. Sem dæmi: „Við áttum gezellig kvöld, við eyddum því í að spila og skemmta okkur“.

Hoe gaat het ermee?

Hallo!

Dankjewel!

<<< Luister naar de klanken van deze woorden

Mynd: Túlípanar og vindmylla í Zaanse Schans í Hollandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# LT LIETUVIŲ KALBA

👤👤👤 3 000 000

taip

ne

Litháíska er eitt af elstu töluðu tungumálum heims og inniheldur orð sem svipa til fornsanskrit, t.a.m. „vyras“ (maður), „šuo“ (hundur) og „avis“ (kind). Þetta merkir að Litháar geta borið kennsl á sum orðin þegar þeir hlusta á þetta indverska tungumál. Nú er ég að verða svöng, ég ætla að fá mér eitthvað í gogginn...

Kaip  
sekasi?

Labas!

Ačiū!

- 1 vienas
- 2 du
- 3 trys
- 4 keturi
- 5 penki
- 6 šeši
- 7 septyni
- 8 aštuoni
- 9 devyni
- 10 dešimt

ųū

č

ž

š

ą

ęė

į

Pasiklausykite šių žodžių >>>

Mynd: Kastali á litháísku eyjunni Trakai

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





Í landi pítsu, pasta og osts er engin furða að fólk verði „abbioco“. Það er ekki til neitt nákvæmt orð á íslensku yfir þetta, en með „abbiocco“ (borið fram ab-bjok-ko) er átt við þörfina til þess að leggja sig eftir stóra og seðjandi máltíð. Flettu síðunni til þess að uppgötva annað einstakt matartengt orð...

# ITALIANO IT

888 67 000 000

Come stai?

Ciao!

Grazie!

sì

no

èé

à

ù

ì

òó

<<< Ascolta il suono di queste parole

Mynd: Riomaggiore-þorpið á Ítalíu

edl.ecml.at/sounds





# KA ქართული

3 700 000



როგორ ხარ?

გამარჯობა!

მადლობა!

დიახ

არა

Georgíska orðið „shemometchama“ þýðir að borða þó þú standir á blístri af því að maturinn er svo bragðgóður. Hægt væri að þýða það sem „ég borðaði óvart allan matinn“. Georgíska er líka með eitt af stórbrotnustu stafrófum heims. Á næstu síðu ætla ég að sýna þér orð sem lýsir magni og við myndum öll vilja nota endrum og eins.

- 1 ერთი
- 2 ორი
- 3 სამი
- 4 ოთხი
- 5 ხუთი
- 6 ექვსი
- 7 შვიდი
- 8 რვა
- 9 ცხრა
- 10 ათი

ა ბ გ დ ე ვ ზ თ ი კ ლ მ ნ ო პ ჟ

რ ს ტ უ ფ ქ ღ ყ შ ჩ ც ძ წ ჭ ხ ჯ ჰ

მოუსმინეთ სიტყვების უღერადობას >>>

edl.ecml.at/sounds





# SVENSKA SV

10 000 000

Á sænsku er búið að finna upp hið fullkomna orð til þess að lýsa magni. Þetta orð er „lagom“ og þýðir „ekki of lítið, ekki of mikið, heldur hæfilegt“. Þannig að á sænsku geturðu sagt að þú hafir borðað „lagom“! Nú erum við búin að tala mikið um einstök orð, næst ætlum við að skoða einstök orðasambönd...

Hur mår du?

Hej!

Tack så mycket!

ää

ö

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



<<< Lyssna på ljuden för dessa ord

Mynd: Svell i Upplands Väsby i Svíþjóð (Per-Boge | Shutterstock.com)

- |    |      |
|----|------|
| 1  | ett  |
| 2  | två  |
| 3  | tre  |
| 4  | fyra |
| 5  | fem  |
| 6  | sex  |
| 7  | sju  |
| 8  | åtta |
| 9  | nio  |
| 10 | tio  |

ja

nej



# PL POLSKI

👤👤👤 45 000 000

Jak się  
masz?

Cześć!

Dziękuję!



tak

nie

Pólska er uppfull af skemmtilegum orðatiltækjum. Ef þú segir t.d. „Nie mój cyrk, nie moje małpy” á pólsku myndi það bókstaflega þýða „ekki mitt fjölleikahús, ekki mínir apar“. Orðatiltækið hefur þó ekkert með apa að gera, heldur þýðir það „Þetta er ekki mitt vandamál“. Annað tungumál sem býr yfir skemmtilegu orðatiltæki sem hefur svipaða merkingu er...

- 1 jeden
- 2 dwa
- 3 trzy
- 4 cztery
- 5 pięć
- 6 sześć
- 7 siedem
- 8 osiem
- 9 dziewięć
- 10 dziesięć

ć

ą

ł

ń

ś

źż

ó

ę

Postłuchaj brzmienia tych słów >>>>

Mynd: „Bogni skógurinn” nálægt Gryfino í Póllandi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





„Der er ingen ko på isen“ þýðir á dönsku „það er engin kú á ísnum“, en yfirfærð merking þess er að það sé ekkert vandamál. Þannig að ef þú sérð engar kýr á ísnum, ætti allt að vera í lagi. Eins og þú hefur kannski tekið eftir, koma dýr oft fyrir í orðatiltækjum!

Hvordan går det?

Hej!

Tak!

DANSK DA

👤👤👤 6 000 000

æ

ø

å

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



<<< Lyt til lyden af disse ord

Mynd: Nimb-hótelið í tívoliinu í Kaupmannahöfn í Danmörku

- |    |       |
|----|-------|
| 1  | en/et |
| 2  | to    |
| 3  | tre   |
| 4  | fire  |
| 5  | fem   |
| 6  | seks  |
| 7  | syv   |
| 8  | otte  |
| 9  | ni    |
| 10 | ti    |

ja

nej



# PT PORTUGUÊS

👤👤👤 250 000 000

Como  
estás?

Olá!

Obrigado/a!

Þú myndir kannski ekki telja portúgölsku sem heimsmál, en þar sem hún er töluð í Brasilíu eru málhafar hennar yfir 220 milljón talsins – sem gerir portúgölsku að sjöunda mest talaða tungumáli heims! Portúgalskir málhafar skilja almennt spænsku, galísísku og ítölsku þar sem þessum tungumálum svipa hverju til annars. Talandi um galísísku...

- 1 um
- 2 dois
- 3 três
- 4 quatro
- 5 cinco
- 6 seis
- 7 sete
- 8 oito
- 9 nove
- 10 dez

áàâã

úü

ç

óôõ

éê

í

sim

não

Ouçá o som destas palavras >>>

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# GALEGO GL

👤👤👤 2 400 000

Á galísísku eru til milli 60 og 100 orð til þess að lýsa rigningu. Ef þú hefur komið til Galísíu veistu af hverju það stafar! Til dæmis vísar „babuña“ til skúris sem hljómar eins og kornabarn, „torbón“ til úrhellis í þrumuveðri og „ballón“ til hellidembu sem varir í nokkra daga.

Como estás?

Ola!

Grazas!

si

non

ó

íï

á

é

ñ

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



Escoita o son destas palabras

Mynd: Ströndin As Catedrais á Spáni

- |    |       |
|----|-------|
| 1  | un    |
| 2  | dous  |
| 3  | tres  |
| 4  | catro |
| 5  | cinco |
| 6  | seis  |
| 7  | sete  |
| 8  | oito  |
| 9  | nove  |
| 10 | dez   |



# LV LATVIEŠU VALODA

1 750 000

Lettar elska að syngja! „Dainas“ eru lettneskir þjóðsöngvar sem miðla ævaforni lettneskri speki. „Dainas“-söngvarnir voru búnir til fyrir meira en þúsund árum og eru hluti af hátíðahöldum (eins og Jónsmessunótt, sem sést hér á myndinni), en eru líka hluti af daglegu lífi. Þeir eru hugleiðingar um lífið sem voru varðveittar í munnlegri geymd. Alls eru til yfir 1,2 milljón „dainas“!

jā

nē

Sveiki!

Kā tev iet?

Paldies!

- 1 viens
- 2 divi
- 3 trīs
- 4 četri
- 5 pieci
- 6 seši
- 7 septiņi
- 8 astoņi
- 9 deviņi
- 10 desmit

ū

č

š

!

ā

ī

ž

ģ

ķ

ē

ņ

Klausies, kā skan šie vārdi >>>

Mynd: Jónsmessunótt í Lettlandi (Raimonds Kalva LV | Shutterstock.com)

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# NORSK NO

👤👤👤 5 320 000

Mörg norsk orð hafa dreift sér til annarra útbreiddari tungumála. Hver hefur ekki heyrt talað um tröll? Ef tröll eru aðeins of óhugnanleg fyrir þér (mér líka!), hugsaðu frekar um fallegu norsku firðina. Ef þetta vekur ferðavilja þinn, skaltu ekki gleyma að orðið „egg“ er af norskum uppruna.

ja

nei

Hvordan  
går det?

Hei!

Takk!

- |    |      |
|----|------|
| 1  | én   |
| 2  | to   |
| 3  | tre  |
| 4  | fire |
| 5  | fem  |
| 6  | seks |
| 7  | syv  |
| 8  | åtte |
| 9  | ni   |
| 10 | ti   |

å

æ

ø

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)



◀◀◀ Lytt til lyden av disse ordene

Mynd: Hreindýr í Tromsø í Noregi



# SE SÁMEGIELLA

30 000

Norðursamíska er eitt af samísku málunum og er töluð í ýmsum löndum í Norður-Evrópu. Því er engin furða að á norðursamísku séu mörg orð sem lýsa mismunandi tegundum af snjó og ís, t.a.m. er „čahki“ harður snjóbolti sem er notaður í snjóboltastríðum sem eru tekin alvarlega, „vahca“ er nýsnævi eða lausamjöll og „soavli“ er krapí.

jua

a-a

Mo dat manná?

Bures!

Giitu!

- 1 okta
- 2 guokte
- 3 golbma
- 4 njeallje
- 5 vihtta
- 6 guhtta
- 7 čieža
- 8 gávccí
- 9 ovccí
- 10 logi

đ

ŋ

ť

á

ž

č

š

Guldał dáıđ sáníıd >>>>

Mynd: Norðurljós í Noregi

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





Rússneska hefur sérstakt orð fyrir ísskæni sem leggur, bráðnar eftir hækkun á hitastigi og frýs síðan aftur. „Гололедица“ (útleggst: gololedica) mætti þýða sem „nakið ísskæni“. Vissir þú að í Evrópu eru tvisvar sinnum fleiri móðurmálshafar rússnesku en ensku?

РУССКИЙ RU

150 000 000

да

нет

Как дела?

Привет!

Спасибо!

- 1 один
- 2 два
- 3 три
- 4 четыре
- 5 пять
- 6 шесть
- 7 семь
- 8 восемь
- 9 девять
- 10 десять

edl.ecml.at/sounds



<<< Послушайте, как звучат эти слова

Mynd: Fólk í ísholu í Rússlandi

ъ

ё

ь

ий

щ

э

ю

я

ы



# ES ESPAÑOL

👤👤👤 489 000 000

sí

no

¿Cómo  
estás?

¡Hola!

¡Gracias!

Á spænsku er til orðatiltæki, „¡el mundo es un pañuelo!“ (heimurinn er vasaklútur), sem fólk segir til þess að gefa til kynna undrun sína á því að hitta einhvern fyrir tilviljun á óvæntum stað. Þetta sýnir okkur að heimurinn er mun minni en við höldum – og er það ekki það sem það að læra tungumál og að kynnast öðrum menningarheimum snýst um? Spænska er sannarlega heimsmál, enda er hún ríkismál í 20 löndum – ¡Olé!

- 1 uno
- 2 dos
- 3 tres
- 4 cuatro
- 5 cinco
- 6 seis
- 7 siete
- 8 ocho
- 9 nueve
- 10 diez

á

ñ

é

úü

í

ó

Escucha cómo se pronuncian estas palabras >>>

[edl.ecml.at/sounds](https://edl.ecml.at/sounds)





# FERÐALAG LÖRU UM TUNGUMÁL EVRÓPU

EDL.ECML.AT/LANGUAGEJOURNEY

Þetta eru tungumálin sem  
urðu á vegi okkar á þessari  
stuttu ferð um Evrópu,  
en til eru ótalmörg önnur  
tungumál, bæði í Evrópu  
og um allan heim.

basneska

**AFRÓASÍSK**  
350 000 000

**KARTVELSK**  
5 000 000

**INDÓ-EVRÓPSK**  
3 200 000 000

**ÚRÖLSK**  
25 000 000

**ALTAÍSK**  
210 000 000

SEMÍSK  
maltneska

georgíska

albanska

gríska

BALTNESK  
lettneska  
litháíska

BALTÓSLAVNESK

SUÐURSLAVNESK  
bosníska  
búlgarska  
króatíska  
makedónska  
serbneska  
slóvenska

VESTURSLAVNESK  
pólska  
slóvakíska  
tékkneska

AUSTURSLAVNESK  
hvítrússneska  
rússneska  
úkraínska

AUSTURRÓMÖNSK  
ítalska  
rúmenska

VESTURRÓMÖNSK  
franska  
galísíska  
katalónska  
portúgalska  
retórómanska  
spænska

KELTNESK  
íriska  
velska

armenska  
rómíska

FINNSK  
eistneska  
finnska  
norðursamíska  
ÚGRÍSK  
ungverska


TYRKÍSK  
aserska  
tyrkneska

VESTURGERMÖNSK  
enska  
hollenska  
frísneska  
þýska  
lúxemborgíska

NORÐURGERMÖNSK  
danska  
íslenska  
norska  
sænska



# edl.ecml.at/languagejourney



*Tungumál geta opnað dyr að öðrum heimi. Heimi þar sem þú getur uppgötvað fjársjóði annarra landa og menningarheima sem þú myndir aldrei vita af án þess að nota tungumál sem lykilinn að þessum heimi. Einar dyr geta síðan leitt þig inn í herbergi þar sem þú getur fundið aðrar dyr sem leiða eitthvert annað!*

*Fyrir sumum eru erlend tungumál ástríða og fyrir öðrum eru þau nauðsyn, en hvert sem þú ferð og hvað sem þú gerir, munu tungumál alltaf verða á vegi þínum. Við vonum að þetta ferðalag hafi gefið þér innsýn inn í nokkur þeirra mála sem eru í kringum okkur og muni hvetja þig til þess að kafa enn dýpra.*

Fleiri upplýsingar um Evrópumíðstöð nútímatungumála, undir Evrópuráðinu, og evrópska tungumáladaginn er hægt að finna á [www.ecml.at](http://www.ecml.at).

Vegna útfærslna og þýðinga, vinsamlegast hafið samband við [information@ecml.at](mailto:information@ecml.at)

© 2021, Evrópuráðið